

Aðalfundur LÍ
8. og 9. nóvember 2018

Ályktun **um vinnu við gerð heilbrigðisstefnu**

Aðalfundur LÍ haldinn í Kópavogi 8.-9. nóvember 2018 lýsir áhyggjum af vinnubrögðum við gerð heilbrigðisstefnu á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Íslenskir læknar hafa víðtæka þekkingu á kostum og göllum mismunandi heilbrigðiskerfa eftir nám og störf erlendis. Þá þekkingu ætti að nýta við gerð heilbrigðisstefnu fyrir Ísland. LÍ telur breiða aðkomu lækna úr öllum geirum heilbrigðiskerfisins nauðsynlega þegar stefna í heilbrigðismálum er mótuð. Þegar hafa verið haldnir allmargir undirbúningsfundir þar sem kallaðir hafa verið til ýmsir aðilar úr heilbrigðiskerfinu en félögum lækna hefur ekki verið boðið að senda fulltrúa á þá fundi. Læknafélag Íslands og aðildarfélög þess lýsa sig reiðubúin að taka virkan þátt í gerð heilbrigðisstefnu fyrir landið. Sem félag eins stærsta faghóps innan heilbrigðiskerfisins leggur LÍ áherslu á að félagið gegni veigamiklu hlutverki við gerð heilbrigðisstefnunnar.